


GILDANDI DEILISKIPULAG, ÖDLAÐIST GILDI 29.11.2013, M.S.BR.



BREYTT DEILISKIPULAG

SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR

SVALBARÐSEYRI - EYRIN - DEILISKIPULAG

Breyting á deiliskipulagi nær yfir svæði austan Svalbarðseyrarvegur

Breyting á deiliskipulagi felld í eftirfarandi:

- Lóð nr. 126 stækkar að mestu til suðurs og fer stærð hennar úr 1.897 m² í 2.207 m². Innan lóðarinnar er skilgreindur byggingarreitur en áður var ekki skilgreindur byggingarreitur á lóðinni. Innan byggingarreits er heimilt að byggja athafnahúsnæði á 1-2 hæðum þar sem mesta hæð langhlíða er 5,5 m og hámarks hæð 7,5 m. Þakform er frjálst en þakhalli skal vera á bilinu 0-14°. Nýtinghlutfall lóðarinnar er 0,9.

Innan lóðarinnar má byggja eina eða tvær byggingar, ef um tvær byggingar er að ræða skal bil á milli byggingar ekki vera minna en skv. gr. 9.7.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Gert er ráð fyrir að byggingin eða byggingarnar verði felldar inn í brekkuna austan lóðarinnar.

- Vegna stækkunar lóðar nr. 126 fellur lóð nr. 112 fellur út en á lóðinni er gámasvæði en engar byggingar.
- Lóð nr. 111 stækkar þannig að innan lóðarinnar verður svæði sunnan lóðarinnar sem áður var skilgreint sem óbyggt, en lóðin stækkar einnig inn á hluta lóðar nr. 110. Stærð lóðarinnar er 922 m². Innan lóðarinnar er skilgreindur byggingarreitur og innan hans er heimilt að byggja athafnahúsnæði á 1-2 hæðum þar sem mesta hæð langhlíða er 5,5 m og hámarks hæð 7,5 m. Þakform er frjálst en þakhalli skal vera á bilinu 0-14°. Nýtinghlutfall lóðarinnar er 0,6.

Gert er ráð fyrir að byggingin verði felld inn í brekkuna sunnan lóðarinnar. Innan lóðarinnar er bygging sem heimilt er að rífa eða fjarlægja.

- Lóðir nr. 109 og 110 sameinast í eina lóð sem verður nr. 110 en lóðin minnkar þar sem svæði austan lóðar nr. 113 verður innan lóðar nr. 111. Stærð lóðarinnar er 490 m², nýtingarhlutfall og skilmálar eru óbreyttir.
- Lóðir nr. 108 minnkar frá því að vera 132 m² í 110 m² til samræmis við lóðarblað lóðarinnar.
- Lóð nr. 115 skiptist upp í þrjár lóðir þar sem skilgreindar eru lóðir fyrir tvö núverandi hús á svæðinu; Svalbarðseyrarvegur 7A (Breiðablik) og Svalbarðseyrarvegur 7B (Nóatún).

Lóð nr. 115 minnkar og fer stærð hennar úr 1.953 m² í 1.197 m². Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,3 í 0,6 og heimilt er að hafa byggingu á 1-2 hæðum en þess utan eru skilmálar óbreyttir.

- Svalbarðseyrarvegur 7A fær númerið 117 í breytingu á deiliskipulagi og er stærð lóðarinnar 412 m² en stærð lóðarinnar skv. HMS er 300 m². Innan lóðarinnar er bygging sem heimilt er að rífa eða fjarlægja.

- Svalbarðseyrarvegur 7B fær númerið 112 í breytingu á deiliskipulagi og er stærð lóðarinnar 625 m² en stærð lóðarinnar skv. HMS er 595 m².

Innan lóðarinnar er skilgreindur byggingarreitur og innan hans er heimilt að byggja athafnahúsnæði á 1-2 hæðum þar sem mesta hæð langhlíða er 5,5 m og hámarks hæð 7,5 m. Þakform er frjálst en þakhalli skal vera á bilinu 0-14°. Nýtinghlutfall lóðarinnar er 0,6.


- Lóð nr. 114 stækkar til austurs og fer stærð hennar úr 1.602 m² í 1.803 m² en nýtingarhlutfall er óbreytt sem og skilmálar.
- Gatnakerfi breytist vegna breyttra lóðarmarka og m.a. verður hringakstur um lóð nr. 114 auk þess sem akstursleið verður á milli lóða nr. 126 og 115 vegna aðkomu að lóðunum.
- Kvöð um lagnaleið sem var í gegnum lóð nr. 126 færast norður fyrir lóðina þar sem byggt verður á lóðinni. Við bætist kvöð um lagnaleið í gegnum lóð nr. 112.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 29.11.2013, m.s.br.

Áhrifamat

Ekki er talið að breytingin hafi veruleg umhverfisáhrif. Helsta breytingin er að gert er ráð fyrir 3-4 nýjum byggingum á lóðum nr. 110, 112 og 126 en byggingarskilmálar eru þeir sömu og á lóð nr. 115 hvað varðar hæðir bygginga og þakhalla. Þá er gert er ráð fyrir að byggingarnar á lóðum nr. 110 og 126 verði felldar inn í brekku austan og sunnan lóðanna.

Ekki er talið að breyting á deiliskipulagi hafi veruleg umhverfisáhrif.



ADALSKIPULAG SVALBARÐSSTRANDARHREPPS 2008-2020

SKÝRINGAR

- Skupulagsmörk
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Íbúðarlóðir
- Verslunar- og þjónustulóðir
- Iðnaðarlóðir
- Athafnalóðir
- Hafnarsvæði
- Óbyggt svæði
- Gangstígur, gata
- Einkavegur
- Núverandi hús
- Hús til flutnings
- Hús sem heimilt er að rífa/fjarlægja
- Svæði með 30 km hámarks hraða
- Kvaðir um lagnir
- Bilastæði á lóð

Flatarmál lóðar		
F: 1.234 m ²	Starfsemi	Mesta hæð langhlíða
I 5.0	Hámarks- nýtingarhlutfall	Hámarks hæð mannvirkja
0.20 7.0		
		30°

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGID HEFUR MÁLSMEÐFERÐ SKV. 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN ÞANN

SVEITARSTJÓRI SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN

SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR		
EYRIN - DEILISKIPULAG		
DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA		
KVARÐI-A3: 1:1000	TEIKN NR.: 001	
DAGS: 16.05.2024	HANNAÐ: ÓI	
FLOKKUR: 6601	TEIKNAD: ÓI	
SKRÁ:	VERKNR:	

